



Varðandi: Viðauki við fjárhagsáætlun 2015
Málsnúmer: 1505141
Dagsetning: 8. desember 2015
Viðtakandi: Bæjarráð


Tillaga að bókun:

Bæjarráð samþykki tilfærslu á 60% ónýtttra fjárheimilda frá 02270 Sambýlið við Vesturgötu á liðinn 02260 Sambýlið við Laugarbraut og 40% á liðinn 02280 Heimaþjónusta v/fatlaðra. Um er að ræða kr. 10.000.000,- sem ætlaðar voru í laun og rekstur. Eftir á liðnum standa kr. 4.628.000,- sem ætlað er að standi undir innri leigu og rekstri húsnæðisins.

Greinargerð sviðsstjóra:

Í fjárhagsáætlun ársins 2015 var gert ráð fyrir að lokið yrði við endurbætur á sambýlinu að Vesturgötu 102 og að rekstur í því hæfist að nýju á árinu. Því var gert ráð fyrir um 8 m.kr. í launakostnað og 2.760.000 í rekstur að frátalinni innri leigu. Þessi áform hafa ekki gengið eftir og því hefur sú þjónusta sem fyrirhuguð var að veita í sambýlinu við Vesturgötu að nokkru leyti farið fram í öðrum búsetuúrræðum sveitarfélagsins, þ.e. sambýlinu við Laugarbraut (02270) og í búsetukjarnanum að Holtsflöt 9 (02280). Á báðum liðum stefnir í að rekstrarniðurstaða verði umfram fjárheimildir, m.a. vegna þess að þjónusta hefur ekki flust til eins og ráð var fyrir gert. Þann 1. nóvember var liðurinn 02260 Sambýlið við Laugarbraut um 9 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 12% og 02280 Heimaþjónusta v/fatlaðra (Holtsflöt 9) um 6 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 6%.

Undirritaður óskar því eftir heimild bæjarráðs til að mæta þeim aukna kostnaði sem fallið hefur til á umræddum liðum á árinu.



Jón Hrói Finnsson

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs